

Samfélagssamningur Flateyjar

Við undirrituð...

- ... erum íbúar í Flatey, sem eigum þar lögheimili eða höfum þar dvalarstað
- ... sinnum þjónustu við Flatey og Flateyinga
- ... tengjumst skipulagi Flateyjar, umhverfis- og verndarmálum
- ... förum með stjórnslu fyrir Flatey

Okkur er ljóst að lífið hefur hagað því svo að við erum um skeið gæslumenn Flateyjar, náttúru, menningar og sögu og fáum að njóta hér einstakra gæða meðan svo varir.

Okkar hlutverk er að taka við arfi forfeðra og haga lífi okkar og gjörðum þannig að við skerðum ekki möguleika þeirra kynslóða sem á eftir okkur koma.

Þetta eru þau leiðarljós sem við erum sammála um:

1. Að bera virðingu fyrir náttúru, menningu og sögu Flateyjar.
2. Að stuðla að áframhaldandi fastri búsetu í Flatey.
3. Að samgöngur þjóni jafnt íbúum og þeim sem Flatey sækja.
4. Að ferðaþjónusta verði innan þolmarka náttúru og mannlífs í Flatey. Umhverfisvænar áherslur séu í öndvegi í þróun ferðaþjónustu.
5. Að leita umhverfisvænna lausna varðandi sorphirðu, frárennsli, vatnsveitu, orkunotkun og samgöngur.
6. Að ganga vel um Flatey og halda húsum og umhverfi snyrtilegu.
7. Að láta okkur varða öryggismál í Flatey og eftirlit með eignum.
8. Að fara eftir ákvæðum gildandi skipulags fyrir Flatey og huga sérstaklega að því að varðveita upprunalega ásýnd Þorpsins.
9. Að eiga samræðu um stefnumörkun, skipulagsmál og önnur hagsmunamál Flateyjar.
10. Að hlusta á sjónarmið hvers annars og leggja okkar af mörkum til að skapa samstöðu um sameiginlega hagsmuni.

Með undirskrift þessa samnings skuldbindum við okkur hvert og eitt til að gera það sem í okkar valdi stendur til að standa saman um farsæla framtíð Flateyjar.